

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
b.t. skrifstofu skattamála
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

SENT Á SAMRÁÐSGÁTT

Reykjavík, 22. október 2025

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl. (tollar, skilagjald o.fl.)

Félag atvinnurekenda (hér eftir „FA“) hefur tekið til umsagnar drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl. (tollar, skilagjald o.fl.) (hér eftir „drögin“) sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 15. október sl. Drögin fela í sér nauðsynlegar breytingar á ýmsum lögum, aðallega á sviði skatta og gjalda. Meðal markmiða breytinganna er að auka skilvirkni í framkvæmd. FA gerir eftirfarandi athugasemdir:

Framlenging á bráðabirgðaákvæði í búvörulögum


Félagið fagnar þeirri breytingu sem lögð er til með 12. gr. draganna, þ.e. að árinu 2026 sé bætt við EE-lið búvörulaga, nr. 99/1993. Mikilvægt er að lægri innflutningstollar á tiltekna tegundir grænmetis haldist órofnir. Þá telur félagið að breytingin stuðli að stöðugleika og fyrirsjáanleika, m.a. er varðar verðmyndun á ofangreindum grænmetistegundum og þ.a.l. jafnvægi á markaðnum hérlandis. Með framlenginu um eitt ár eru meiri líkur að hægt sé að tryggja nægt framboð fyrir neytendur.

FA ítrekar þó að þau tímabil tolla á útiræktað grænmeti, sem nú er að finna í búvörulögnum, þarf að endurskoða til að koma til móts við árstíðabundinn grænmetisskort hér á landi sem enginn hagnast á. Tollatímabilin, eins og þau voru stillt af með breytingum á búvörulögum 2019, falla illa að raunverulegum uppskerutímabilum innlands grænmetis. Þá hvetur félagið einnig til þess að fyrirheit, sem verið hafa í búvörusamningi grænmetisbænda um árabíl, um aukna styrki til útiræktar gegn því að tollvernd falli niður á tilteknum tegundum útiræktaðs grænmetis, verði efnd. Þannig mætti komast hjá því vandamáli að flytja þurfi inn vörur á fullum tollum á sama tíma og ekkert framboð er af innlendri framleiðslu.

Lokaorð

FA áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemd við drögin og tengd mál á síðari stigum. Þá er félagið, nú sem endranær, reiðubúið að funda með ráðuneytinu vegna frumvarpsins.

Virðingarfyllst,



Birta Sif Arnardóttir, lögfræðingur